

Nd.

34. Frumvarp

til laga um breyt. á l. nr. 71 8. sept. 1931, um verkamannabústaði.

Flutningsm.: Héðinn Valdimarsson.

1. gr.

Í stað „6%“ í 3. gr. laganna komi: 5%.

2. gr.

Ákvæði laga þessara taka einnig til lána þeirra, er þegar hafa verið veitt úr byggingasjóðum samkvæmt l. nr. 71 frá 8. sept. 1931, um verkamannabústaði.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1934.

Greinargerð.

Þegar frumvarp til laga um verkamannabústaði var fyrst borið fram af Alþýðuflokknum á Alþingi 1929, var ætlað til, að byggingafélög greiddu 5% í vexti og afborgun af byggingalánunum í 42 ár, og þótti þó ekki langt gengið, þar sem í nágrannalöndunum hefir ríkið veitt aðstoð til, að vextir af samskonar lánunum væru ekki nema 2½—3½%. Svo nauðsynlegt hefir þar þótt að styrkja alþýðu manna til að byggja yfir sig heilnæmar íbúðir. Í meðferð þingsins var þessu ákvæði frumvarpsins breytt svo, að byggingafélög skyldu greiða 6% í vexti og afborgun lánanna í 42 ár, og var þó gert ráð fyrir, að byggingasjóðirnir yrðu að greiða verulegan vaxtamun.

Nú hafa vextir allra lána lækkað mjög mikið á þessu tímabili, og er ekkert útlit fyrir hækkun. Útlánsvextir Landsbankans á víxillánum voru, er lögin voru samþykkt 1931, 7½% á ári, en eru nú 6%. Vaxtakjör byggingafélaganna eru því nú orðin tiltölulega lakari. Af þessum 6% á ári, er þau greiða, eru 5,38% vextir, en 0,62% afborgun. En lán, sem Byggingasjóður Reykjavíkur hefir tekið til verkamannabústaða til 42 ára, kostar í raunverulega vexti ekki nema 5,35% á ári, og auk þess hefir sjóðurinn sívaxandi eigið fé til útlána, sem hægt er að reikna mun lægri vexti af. Með þessum 6% vaxta- og afborganakjörum til byggingafélaga er þeim enginn styrkur veittur til að greiða vaxtamun og lækka vextina, eins og lögin þó upphaflega ætluðust til, heldur aðeins hjálpað um lánsúttegungun. Það virðist því ekki nema sjálfsagt að breyta lánskjaraákvæði laganna og setja vexti og afborgun nú ekki hærrí en 5% árlega. Það mundi verða nauðsynlegur og verulegur léttir fyrir alþýðufólk, sem kaupir eða hefir keypt íbúðir í verkamannabústöðunum.